

Er rétt að senda sýni úr landi?

Krabbameinsfélagið hefur síðan 1964 séð um skimun fyrir leghálskrabbameini. Þar störfuðu þar til um síðustu áramót sérþjálfaðir frumugreinar og sérfræðilæknir með áralanga reynslu í skimun frumusýna frá leghálsi, en hefur nú verið sagt upp störfum.

Yfirvöld ákváðu að endurnýja ekki samning við Krabbameinsfélagið um þessar rannsóknir um síðustu áramót og skv. fréttum í fjölmiðlum munu þau frumusýni frá leghálsi sem tekin hafa verið síðan í byrjun nóvember liggja óskoðuð í kössum, en verða send til Danmerkur þegar samningar nást við rannsóknarstofu þar. Furðu vekur að svo viðamikil skipulagsbreyting hafi verið gerð án þess að samningur um áframhaldandi skoðun sýnanna lægi fyrir.

Eins og staðan er í dag þyrfti að gera ýmsar ráðstafanir til að Landspítalinn gæti tekið að sér þessar rannsóknir enda skortir tækjakost, sérhæft starfsfólk og húsnæði. Félag íslenskra rannsóknarlækna veit ekki til þess að grundvöllur fyrir slíkum breytingum hafi verið kannaður í þaula og telur að sú fullyrðing að spítalinn hafi ekki burði til að taka að sér þessar rannsóknir standist varla.

HPV veiran veldur nær öllum forstigsbreytingum og krabbameinum í leghálsi. Sýkla- og veirufræðideild Landspítalans hefur tæki og sérfræðipækkingu í því að greina HPV veiruna í sýnum og hafði verið að sinna þeim greiningum fyrir Krabbameinsfélagið. Deildin fékk nýlega afkastamikið PCR greiningartæki (Cobas 8800), sem gæti auðveldlega annað HPV greiningum í tengslum við skimanir fyrir leghálskrabbameini. Það verður því ekki séð að gera þyrfti þessar greiningar erlendis, eins og virðist standa til.

Félag íslenskra rannsóknarlækna varar við því að frumusýni frá leghálsi verði flutt úr landi til greiningar. Hér á landi er til staðar áralöng og yfirgrípsmikil sérþekking á skoðun þessara sýna sem mikil synd væri að missa úr landi. Það fagfólk sem hingað til hefur sinnt skimunum hjá Krabbameinsfélaginu mun leita í önnur störf og það er því ljóst að erfitt gæti orðið að færa skimunina aftur til landsins.

Fyrir hönd stjórnar Félags íslenskra rannsóknarlækna,

Anna Margrét Jónsdóttir, sérfræðingur í meinafræði